

Alcoa Fjarðaál  
Hrauni 1  
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 13. janúar 2020

UST201901-079/E.H.

08.07.01

**Efni: Eftirlit 2019 – Alcoa Fjarðaál - Reglubundið eftirlit**

Þann 31. október sl. fór fram eftirlit hjá Alcoa Fjarðaáli. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eittfrávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Rykmagn í ryksafnara var að meðaltali 58 mg/Nm<sup>3</sup> í ágúst 2019 en rykmagn í útblásturslofti skal vera minna en 50 mg/Nm<sup>3</sup> m.v. klukkustundar meðalgildi og eðlilegt loftmagn frá viðkomandi starfsemi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. febrúar, 2020.

Virðingarfyllst



Einar Halldórsson



Ísak Sigurjón Bragason

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	31.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Ísak Sigurjón Bragason
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Freysteinnsson	Staðsetning	729651,982 512054,012

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í síðara reglubundna eftirlit ársins með Alcoa Fjarðaál. Fram kom eitt frávik frá starfsleyfi er varðar styrk ryks við löndunarbúnað.

## UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á fundi og rætt um rekstrarörðugleika sem hafa verið á þessu ári. Rekstraraðili hafði samband við stofnunina fyrr á árinu og tilkynnti að ójafnvægi hefði verið í rekstri kerskála. Orsökina væri einkum aukning á skautskiptum og afleiðingar þess fjölgun heitra kera, aukning á HF losun og almennur óstöðugleiki. Þegar eftirlit fór fram var losun flúors 0,394 kg F/t en í starfsleyfi eru mörkin 0,35 kg F/t. Miðað er við ársgrundvöll og er áttun rekstraraðila að ná mörkum starfsleyfis fyrir árslok. Niðurstöður fyrir októbermánuð bárust eftir að eftirlit fór fram og er meðaltalið fyrir árið komið niður í 0,374 kg F/t. Rekstraraðili hefur gripið til tímabundinna aðgerða til að ná mörkum starfsleyfis og ná fram stöðugleika í reskstur s.s. að lækka straum í kerskála, lokun á kjallara til að minnka loftflæði, breyting á skipulagningu þrifa og eftirfylgni með loftflæði/styrk aukin.

Rætt var um rykmælingar í GTC (Gas Treatment Center) en skv. rekstraraðila eru mælingarbúnaður í hreinsivirkinu ekki jafn nákvæmur og punktmælingar sem framkvæmdar eru á hverju ári af Nýsköpunarmiðstöð. Jafnframt er búnaðurinn kvarðarður á sama tíma og Nýsköpunarmiðstöð framkvæmir mælingar. Farið er yfir mælingar á hverjum morgni en þreföld greining er til staðar; með mismunaprýstingi, sjónglösum og rykmæli.

Farið var yfir skráningarskyldu skv. REACH og þá helst:

- Frumframleiðslu efna
- Innflutning
- Breyttar aðstæður/forsendur – uppfærslu skráningarskýrslu (e. registration dossier)
- Eigin notkun framleiðslu

Farið var yfir niðurstöður mælinga og í eftirlitinu kom fram að ryk frá löndunarbúnaði hefði verið yfir mörkum í ágúst á síðasta ári. Önnur mál sem farið var yfir var útflutningur á úrgangi en úrgangseftirlit fór fram samhliða mengunareftirliti stofnunarinnar og er gerð skil í úrgangsskýrslum stofnunarinnar. Einnig var farið yfir skráningar skv. 3.2 og gerir stofnunin ekki athugasemdir varðandi þær. Farið var yfir atvik sem átti sér stað í byrjun október en þeytilausn frá víravél lak um hluta hafnarsvæðisins hjá Eimskip þegar var verið að skipta út þeytilausn af víravél og dæla í tanka. Áætlað er að um 5.000 lítrar hafi lekið niður á hafnarsvæðið og meiri hluti þess niður í sjó. Hluti af þeytilausninni fór í settjarnir og eru þær mældar nú í hverri viku. Skv. rekstraraðila er um 8-12% olíuefni í þeytilausninni. Slökkviliðið var kallað á vettvang sem leiðbeindi starfsmönnum steypuskála við að hreinsa svæðið. Skerpt hefur verið á verklagi eftir rötargreiningu á atvikinu til að koma í veg fyrir að álíka atvik komi fyrir aftur.

Farið var í vettvangsskoðun um svæðið og í steypuskála og kerskála. Þá voru skoðaðar aðstæður og virkni víravélar í steypuskála. Ekki var tilefni til athugasemda í vettvangsskoðuninni.

## Frávik frá

## Lýsing á frávik

grein 2.4

Rykmagn í ryksafnara við löndunarbúnað var að meðaltali 58 mg/Nm<sup>3</sup> í ágúst 2018 en skv. gr. 2.4 í starfsleyfi skal rykmagn í útblásturslofti vera minna en 50 mg/Nm<sup>3</sup> m.v. klukkustundar meðalgildi og eðlilegt loftmagn frá viðkomandi starfsemi.


## ANNAD

Með í eftirlitinu var Birgitta Stefánsdóttir sem sinnti úrgangseftirliti Umhverfisstofnunar.

Eftir að drög að eftirlitsskýrslu voru send kom rekstraraðili því á framfæri að ryksafnari við löndun er aðeins í notkun eina viku í mánuði á meðan löndun fer fram og því ekki um stöðugan útblástur að ræða. Því væri umhverfisáhrif af þessu ryki óveruleg. Um er að ræða fyrsta skipti sem ryksafnarinn mælist yfir mörkum.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.01.2020

  
Einar Halldórsson